

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 693/2001, um eiginfjárhlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

1. gr.

Í stað núverandi 3. tl. 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi 3. tl.:

3. Áhættuvog 0,5:

- a. lán tryggð með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði, sem er eða mun verða nýtt eða leigt út af lántakanda, innan 80% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins,
- b. lán sem veitt eru fyrir 21. júlí 2000, sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 60% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur,
- c. lán veitt frá og með 21. júlí 2000 sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 50% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur. Falli eignirnar í verði um meira en sem nemur 10% frá síðasta mati getur Fjármálaeftirlitið sett aðrar reglur um áhættuvog lána samkvæmt þessum staflið, og
- d. verðbréf, þ.m.t. verðbréf sem fela í sér hlutdeild í safni verðbréfa, sem tryggð eru með fasteignaveði eins og tilgreind eru í stafliðum a.-c. og innan sömu marka og þar eru tilgreind. Slík verðbréf þurfa að vera að fullu og milliliðalaust tryggð með samlagi framangreindra fasteignaveða sem eru í fullu gildi þegar verðbréfin, sem eru tryggð með veði, eru gefin út. Fjárfestar í verðbréfum sem eru tryggð með fasteignaveði, eða fjárvörslumenn eða umboðsmenn fyrir hönd þeirra, þurfa að hafa forgangsrétt gagnvart eignunum, sem eru lagðar að veði til tryggingar verðbréfunum, í réttu hlutfalli við verðbréfaeign sína.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi málsgrein:

Áhættuvog 1,0 gildir um þann hluta lána samkvæmt stafliðum a., b., c., og d. í 3. tl. 1. mgr., sem er umfram þau mörk sem þar eru tilgreind.

3. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, 10. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og 1. mgr. 42. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 14. janúar 2002.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.